



SÍMENNTUNAR- OG FRÆDSLUMÁL Á AKUREYRI

Skýrsla unnin fyrir Símenntun HA

Hjördís Sigursteinsdóttir

Mai 2002

Efnisyfirlit


1. Inngangur	2
2. Framkvæmd og heimtur	2
3. Niðurstöður	4
3.1. Hefur þú sótt þér einhverja fræðslu á sí- eða endurmenntunarnámskeið á síðastliðnu ári?	4
3.1.1. Hversu oft hefur þú sótt sí- eða endurmenntunarnámskeið?	6
3.1.2. Hjá hverjum sóttirðu námskeið?	6
3.1.3. Fyrir hvers/hverra tilstilli sóttirðu námskeiðið?	7
3.1.4. Hver greiddi námskeiðið?	8
3.1.5. Hvers vegna hefur þú ekki sótt sí- eða endurmenntunarnámskeið á síðastliðnu ári?	10
3.2. Á hvaða tíma dagsins myndi henta þér best að sækja námskeið?	11
3.3. Manstu eftir að hafa kynnt þér námskrá Símenntunar?	13
3.4. Hefur þú skoðað framboð Símenntunar á heimasíðu HA?	14
3.5. Tekur þú eftir auglýsingum frá Símenntun HA í Dagskránni?	15
3.6. Gætir þú nefnt námskeið í einhverju sem þú hefur áhuga á að sækja?	17
4. Viðauki	19

1. Inngangur

Í aprílmánuði framkvæmdi Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri skoðanakönnun meðal bæjarbúa á Akureyri. Var þar meðal annars spurt um símenntunar- og fræðslumál Akureyringa. Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum þessa.

2. Framkvæmd og heimtur


Könnunin var framkvæmd dagana 2. – 14. apríl sl. Hringt var í 678 einstaklinga búsetta á Akureyri. Þeir voru valdir með slembiúrtaksaðferð úr þjóðskrá. Alls náðist samband við 670 einstaklinga sem er tæplega 99% úrtaksins og féllust 441 (65,0% úrtaksins) þeirra á að taka þátt í könnuninni en 229 einstaklingar (33,8%) neituðu að taka þátt og ekki náðist til 8 einstaklinga (1,2%). Af 800 manna upphaflegu úrtaki náðist því aldrei til 122 einstaklinga af skýranlegum ástæðum. Mynd 1 sýnir svörunina:




Mynd 1. Svarhlutfall.

Á mynd 2 má sjá aldurs- og kynjadreifingu þeirra sem tóku þátt í könnuninni. Í hópnum eldri en 56 ára, í hópnum 36-45 ára og í þeim yngsta virðast konur í minni mæli hafa tekið þátt í könnuninni.

Á mynd 3 má sjá skiptingu þátttakenda eftir hverfum í bænum. Endurspeglar það íbúaskiptingu eftir hverfum vel.



Mynd 2. Aldur og kyn þátttakenda í könnuninni.




Mynd 3. Búseta þátttakenda í könnuninni.

3. Niðurstöður

Grunnbreyturnar í könnuninni eru: kyn, aldur, menntun og búseta. Hér fyrir aftan má líta niðurstöðurnar á myndrænan hátt ásamt stuttri túlkun.

3.1. Hefur þú sótt þér einhverja fræðslu á sí- eða endurmenntunarnámskeið á síðastliðnu ári?


Spurt var hvort viðkomandi hefði sótt sér einhverja fræðslu á sí- eða endurmenntunarnámskeið á síðastliðnu ári. Aðeins 22% þeirra sem svara þessari spurningu hafa sótt sí- eða endurmenntunarnámskeið á síðastliðnu ári eða 98 einstaklingar.




Mynd 4. Hefur þú sótt þér einhverja fræðslu á sí- eða endurmenntunarnámskeið á síðast liðnu ári?.

Þessir 98 einstaklingar sem sóttu voru greindir eftir kyni, aldri og menntun. Samkvæmt þeirri greiningu má sjá að konur eru duglegri við að sækja sí- eða endurmenntunarnámskeið en karlar því tæp 28% kvenna sótti slík námskeið á síðastliðnu ári en rétt 17% karla. Einnig hefur aldur og menntun áhrif á sókn á námskeið og má sjá að fólk á aldrinum 36-55 ára sækir þau í mun meira mæli en fólk í öðrum aldurshópum. Sömu sögu er að segja um háskólamenntað fólk en rúm 45% þeirra hefur sótt sí- eða endurmenntunarnámskeið á síðastliðnu ári sem er mun hærra hlutfall en hjá fólki með aðra menntun.

Í námskrá Símenntunarsviðs RHA er námskeiðum skipt niður í; (1) Ýmis námskeið, (2) stjórnun, rekstur og fjármál, (3) heilbrigðis- og félagsmál, (4) uppeldis- og kennslumál. Starfaflokkum þátttakenda var skipt niður í þess fjóra flokka og kemur þá í ljós að helmingur aðila sem starfar við heilbrigðis- og félagsmál hefur sótt sí- eða endurmenntunarnámskeið á síðastliðnu ári og tæp 44% aðila sem starfa að uppeldis- eða kennslumálum. Sjá nánar mynd 6. og töflu í viðauka með starfaflokkum þátttakenda.




Mynd 5. Þátttaka á sí- og endurmenntunarnámskeiðum greind eftir kyni, aldri og menntun.



Mynd 6. Þátttaka á sí- og endurmenntunarnámskeiðum eftir starf flokkum.

3.1.1. Hversu oft hefur þú sótt sí- eða endurmenntunarnámskeið?


Þeir sem svöruðu spurningunni um sí- eða endurmenntunarnámskeið játandi voru spurðir áfram um hversu oft þeir sóttu slík námskeið. Flestir sóttu námskeið einu sinni eða tvisvar eða 77% þeirra sem gáfu upp fjölda námskeiða sem þeir sóttu.



Mynd 7. Fjöldi námskeiða sem viðkomandi sótti.

3.1.2. Hjá hverjum sóttirðu námskeið?

Svarendur voru beðnir um að tilgreina hjá hverjum þeir sóttu námskeið. Gefnir voru upp sex valkostir auk opins svarmöguleika. 1) símenntun HA, 2) Endurmenntunarstofnun HÍ, 3) Verkmenntaskólanum á Akureyri, 4) Tölvufræðslunni, 5) Menntasmiðjunni og 6) núverandi vinnuveitanda eða fyrirtæki. Flestir notfærðu sér opinn svarmöguleika eða 23 aðilar en 22 höfðu sótt námskeið hjá Símenntunarsviði RHA og sami fjöldi sótti námskeið hjá núverandi vinnuveitanda eða fyrirtæki. Fjórtán manns sóttu námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands og tíu manns hjá tölvufræðslunni. Þeir aðilar sem svöruðu hjá öðrum sóttu flestir námskeið á vegum stéttarféлага eða ellefu manns og fjórir fóru á námskeið erlendis. Sjá nánar mynd 8 og töflu 1. Samkvæmt framangreindum upplýsingum má álykta að flestir sækja námskeið í heimabyggð sinni.




Mynd 8. Hjá hverjum var sótt námskeið.

Tafla 1. Hjá hverjum öðrum sóttirðu námskeið?

Hjá hverjum:	Fjöldi:
Á vegum stéttarfélags	11
Erlendis	4
Þekkingu	2
Í fjarnámi	2
Rauði kross Íslands	1


3.1.3. Fyrir hvers/hverra tilstilli sóttirðu námskeiðið?

Síðan var spurt fyrir hvers eða hverra tilstilli sótti viðkomandi námskeiðið. Í flestum tilvikum var það að frumkvæði vinnuveitanda sem viðkomandi fór á námskeið eða í rúmum 51% tilvika, 46% fóru að eigin frumkvæði og 3% fyrir bæði eigin tilstilli og vinnuveitanda.



Mynd 9. Fyrir hverra tilstilli sóttirðu námskeiðið?


Greina má mun á milli karla og kvenna því 65% karla fara á námskeið fyrir tilstilli vinnuveitanda en rúm 44% kvenna. Hlutfall þeirra sem fer fyrir eigin tilstilli á námskeið eykst með aldri og báðir aðilar í yngsta aldurshópi fóru að eigin frumkvæði.



Mynd 10. Fyrir hverra tilstilli sóttirðu námskeið, greint eftir kyni, aldri og menntun.


3.1.4. Hver greiddi námskeiðið?

Þeir sem svöruðu spurningunni um sí- eða endurmenntunarnámskeið játandi voru spurðir áfram um hversu oft þeir sóttu slík námskeið. Í langflestum tilvikum er það vinnuveitandi sem greiðir fyrir námskeið eða í rúmum 67% tilvika og í rúmum 20% tilvika greiðir viðkomandi sjálfur fyrir námskeiðið.



Mynd 11. Hver greiddi námskeiðið?


Hlutfalllega fleiri konur greiða sín námskeið sjálfar en karlar eða í tæpum 26% tilvika á móti 15% karla. Sömu sögu er að segja varðandi þátttakendur í yngsta og elsta aldurshópi en hlutfallslega fleiri í þeim aldurshópum greiða sjálfir námskeiðin en í öðrum aldurshópum.




Mynd 12. Hver greiddi fyrir námskeiðið, greint eftir kyni, aldri og menntun.

3.1.5. Hvers vegna hefur þú ekki sótt sí- eða endurmenntunarnámskeið á síðastliðnu ári?

Þeir þátttakendur sem sóttu ekki sí- eða endurmenntunarnámskeið á síðastliðnu ári voru spurðir hvers vegna ekki. Flestir svara því til að þeir hafi hreinlega ekki tíma til að fara á námskeið eða 105 aðilar og 78 aðilar fundu engin námskeið sem þeir höfðu áhuga á. Mun fleiri konur en karlar telja sig ekki hafa tíma til að sækja námskeið sem og aldurshópurinn 26-45 ára. Menntun hefur einnig áhrif á sókn í sí- eða endurmenntunarnámskeið en eftir því sem menntun eykst telur fólk sig hafa minni tíma til að sækja námskeið. Einnig er minna framboð af áhugaverðum námskeiðum meðal aðila með grunnenntun en þeirra með háskólamenntun. Sjá nánar mynd 11 og 12.




Mynd 13. Ástæður fyrir því að hafa ekki farið á sí- eða endurmenntunarnámskeið á síðastliðnu ári.




Mynd 14. Ástæður fyrir því að fara ekki á sí- eða endurmenntunarnámskeið á síðastliðnu ári eftir kyni, aldri og menntun.

3.2. Á hvaða tíma dagsins myndi henta þér best að sækja námskeið?

Spurt var á hvaða tíma dagsins myndi henta best að sækja námskeið. Það hentar langflestum að sækja námskeið á kvöldin en rúm 46% þeirra sem svara spurningunni svara á kvöldin og tæp 26% seinni partinn. Segja má að það henti aðeins fjórðungi svarenda að sækja námskeið á hefðbundnum vinnutíma, þ.e. á milli 8 og 16 á daginn. Mun fleiri þátttakendur í elsta aldurshópnum, 66-75 ára, svara fyrir hádegi en í öðrum aldurshópum og sá tími hentar einnig betur konum en körlum. Þeir aðilar sem helst vilja sækja námskeið seinni partinn eru fólk á aldrinum 36-65 ára og fólk með háskólapróf.




Mynd 15. Á hvaða tíma dagsins myndi henta best að sækja námskeið?




Mynd 16. Á hvaða tíma dagsins myndi henta þér að sækja námskeið greint eftir kyni, aldri og menntun.

3.3. Manstu eftir að hafa kynnt þér námskrá Símenntunar?

Byrjað var á því að upplýsa viðkomandi um að námskrá Símenntunar Háskólans á Akureyri hafi verið dreift í öll hús á Akureyri í haust. Síðan var spurt hvort að viðkomandi myndi eftir því að hafa kynnt sér innihald hennar. Liðlega helmingur svarenda mundi eftir því að hafa kynnt sér innihald námskrárinnar eða 45%. Mun fleiri konur kynntu sér námskránna en karlar eða 57% á móti 35% karla. Menntun virðist hafa áhrif á hvort viðkomandi hafi kynnt sér námskránna því rúm 76% aðila með háskólapróf kynnti sér hana en aðeins rúm 36% þeirra sem hafa grunnmenntun. Fáir í yngsta aldurshópnum kynntu sér námskránna en helmingur þátttakenda og fleiri á aldrinum 26-55 ára kynntu sér hana.




Mynd 17. Manstu eftir því að hafa kynnt þér innihald námskrár Símenntunar Háskólans á Akureyri?



Mynd 18. Kynntir þú þér námskrá símenntunar, greint eftir kyni, aldri og menntun.


3.4. Hefur þú skoðað framboð Símenntunar á heimasíðu HA?

Byrjað var á því að upplýsa viðkomandi um að framboð á símenntun er einnig kynnt á heimasíðu Háskólans á Akureyri. Síðan var viðkomandi spurður að því hvort hann hefði skoðað námskrána þar. Aðeins rúm 8% svarenda hefur farið á heimasíðu Háskólans á Akureyri til þess að skoða námskrá Símenntunar þar.



Mynd 19. Hefur þú skoðað námskrá Símenntunar á heimasíðu Háskólans á Akureyri?


Segja má að það séu hlutfallslega fleiri konur sem skoða heimasíðuna, aðilar á aldrinum 36-55 ára og háskólamenntað fólk þó í litlu mæli sé.




Mynd 20. Hefur þú skoðað heimasíðu Símenntunar, greint eftir kyni, aldri og menntun.

3.5. Tekur þú eftir auglýsingum frá Símenntun HA í Dagskránni?

Viðkomandi var spurður hvort hann tæki eftir auglýsingum frá Símenntun HA í Dagskránni. Rúm 27% þátttakenda skoða auglýsingarnar alltaf og tæp 21% til viðbótar yfirleitt alltaf. Tæplega þriðjungur skoðar hins vegar auglýsingar í Dagskránni sjaldan eða aldrei. Konur skoða þessar auglýsingar í mun meira mæli en karlar og einnig hlutfallslega fleiri í aldurshópnum 26-55 ára en öðrum aldurshópum. Greina má einnig mun eftir menntun fólks en háskólamenntaðir taka frekar eftir þessum auglýsingum en fólk með grunnmenntun eða iðnmenntun.




Mynd 21. Tekur þú eftir auglýsingum frá Símenntun HA í Dagskránni?



Mynd 22. Tekur þú eftir auglýsingum frá Símenntun í Dagskránni, greint eftir kyni, aldri og menntun.

3.6. Gætir þú nefnt námskeið í einhverju sem þú hefur áhuga á að sækja?


Viðkomandi var beðinn um að skrifa hvaða námskeið hann hefði áhuga á að sækja. Alls voru nefnd 92 heiti á námskeiðum. Námskeiðin voru síðan flokkuð niður í ellefu flokka eins og sést á mynd 22. Langflestir nefndu tölvunámskeið eða 80 aðilar og 52 aðilar nefndu tungumálanámskeið þar af 16 enskunámskeið og 6 ítölskunámskeið. Önnur tungumál sem nefnd voru eru; Þýska, danska, franska, spænska, kínverska og Japanska. Síðan komu listgreinar, heilbrigðismál og uppeldis- og kennslumál.



Mynd 23. Helstu námskeið sem nefnd voru og fjöldi þeirra sem nefna þau.

Síðan voru námskeiðin flokkuð í þá fjóra flokka sem Símenntun hefur notað þ.e. ; (1) Heilbrigðis- og félagsmál, (2) stjórnun, rekstur og fjármál, (3) uppeldis- og kennslumál og (4) ýmis námskeið. Flest námskeið sem nefnd voru myndu flokkast undir ýmis námskeið eða 33 þeirra, 20 námskeið bæði undir uppeldis- og kennslumál og heilbrigðis- og félagsmál og svo 19 námskeið varðandi stjórnun, rekstur og fjármál.

Í töflum hér fyrir aftan gefur að líta helstu námskeið nefnd voru í hverjum flokki fyrir sig og fjöldann sem nefnir þau. Einnig má finna námskeiðin eins og þau komu fyrir í viðauka.



Mynd 24. Fjöldi námskeiða í hverjum flokki.

Tafla 2. Helstu námskeið sem nefnd voru undir „Ýmis námskeið“

Hvernig námskeið?	Fjöldi sem nefnir:
Handmenntanámskeið	13
Menning og saga	10
Leik- og myndlist	8
Gítarnámskeið	4
Málmiðnaðargreinar	4
Matreiðsla og kökugerð	4

Tafla 3. Helstu námskeið sem nefnd voru undir „Uppeldis- og kennslumál“

Hvernig námskeið?	Fjöldi sem nefnir:
Uppeldismál	7
Táknmál	3
Siðfræði	2
Hraðlestrarnámskeið	2

Tafla 4. Helstu námskeið sem nefnd voru undir „Heilbrigðis- og félagsmál“

Hvernig námskeið?	Fjöldi sem nefnir:
Námskeið varðandi börn	8
Sálfræði	4
Heimspeki	4
Draumar	4

Tafla 5. Helstu námskeið sem nefnd voru undir „Stjórnun, rekstur og fjármál“

Hvernig námskeið?	Fjöldi sem nefnir:
Rekstur	14
Stjórnun	13
Tjáning og samskipti	7

4. Viðauki

- ath. of dýr námskeið
- austurlensk matargerð
- á sviði flugs
- barnalækningar, myndgreining
- bókhald og rekstur
- bætt samskipti á vinnustað
- börn/menntun,menning,myndlist
- draumar
- e-d tengt vinnu
- efla börn með asperger
- einhverfa f. börn
- eitthvað sem viðkemur börnum
- eitthvað um samskipti (sá það auglýst um daginn)
- ekkert
- enska
- enska
- enska, tölvur
- ensku
- ensku
- ensku og tölvu
- ensku, saumun
- ensku,tölvu
- enskunám
- enskunámsk. hraðlestrarnámsk.
- enskunámskeið
- enskunámskeið,ræðunámskeið
- ferðanámskeið
- félagsmálaráð almennt, menning/saga
- fjármál
- framkoma og ræðumennska
- franska, ræðunámskeið
- frávik v/börn
- frh í þroskaþjálfun
- fyrirtækja stjórnun
- gítar
- gítarnám. námsk, um tilfinningaþroska barna
- handavinna
- handmennt
- handmennt
- heilbrigðismál
- heilsa,sjúkraþjálfun,hreyfing
- Heimspeki
- heimspeki , hjúkrunarfræði
- heimspeki, leiklist,fjölskyldumál
- HÍ- ítölskunámskeið
- hjúkrun
- hraðlestrarnámskeið
- hreyfiþroska barna
- hönnunar og arkitekt
- iðnaðarmál

- í mannlegum samskiptum
- í samb. við járnsmíði
- í samb. við viðsk. og verslun
- íslenskukennsla, matreiðslu félagsmálafræðsla fyrir útlendinga
- ítalska
- ítalska, stefnumótun
- ítalska, vesturheimur
- ítölskunámskeið
- ítölskunámskeið, starfsmannastjórnun
- kennslu uppeldisfr. stjórnun fjármálareksturs
- kennslufr. raungr. tölvunámsk. í hugbún. , tungumál spænska
- kennslufræði
- kjartan ólafsson er með námskeið
- kynferðisnámskeið gegn börnum, spænskunámskeið
- kökugerð og fleira
- leiklist, málmnámskeið
- leikskólakennari
- lesblinda fyrir kennara
- lestrar erfiðleikar barna
- lestri
- lyfjafræði
- lyfjafræðsla
- markaðs
- matreiðsla, rekstur. bæta við menntun
- málanám
- meðhöndlun sjúkráþjálfara í kring um íþróttir, 1.stig sálfr. í kring um íþr.
- menning
- mosaikgerð
- myndlist
- myndlist og hönnun
- myndlist, sögu, leiklist, þýsku
- námskeið fyrir foreldra einhverfa, tölvunámskeið
- Námskeið í heilbrigðisþjónustu og sagnfræði eða bókmenntir
- náttúruvísindi
- njálunámskeið
- næringarfræði
- næringarfræði
- pílagr. ferð til spánar
- power point. tungumál kínversku, japönsku
- þrjónagerð
- raddbeyting f. kennara söguaðferð, gítarnámskeið
- rekstrarfr. byggðamál
- rekstrarfræði
- rekstrar-viðskiptafræði
- rekstur
- rekstur
- sagnfræði, bókmenntir, tungumál
- saumar
- sálfræði og heimspeki
- sálfræði og tungumál
- siðfræði

- sjálfsefning, tölvur
- skipstjórn
- skjalaflokkun
- skjalastjórnun, tölvur, tungumál
- skóla og heilbrigðismál
- skrautskrift
- skrautskrift, leiklist
- skrif
- skrifstofustörf og tölvur
- snyrtifræði
- starfsmannastjórnun, tölvunámskeið
- stjórnun
- stjórnun, uppeldismál
- stjórnun/rekstri
- stjórnunarnámskeið
- stjórnunarnámskeið
- stærðfræði
- sögu- íslensk fræði
- sögnámskeið
- talmeinafræði
- táknmál kennara og uppeldisfræði
- táknmáli
- táknmálstali, tölvunámskeið
- tengt handavinnu
- tengt málaraíðn, múr og múrskemmdir
- tengt rekstrarfræði
- tungumál
- tungumál
- tungumál
- tungumál
- tungumál
- tungumál
- tungumál
- tungumál
- tungumál
- tungumál
- tungumál
- tungumál
- tungumál
- tungumál
- tungumál almenn samskipti við fólk
- tungumál enska og þýska
- tungumál, draumar
- tungumál, enska, danska
- tungumál, franska, þýska
- tungumál, tölvu2
- tungumál, rafsúðu, tölvur
- tungumál, tölvur
- tungumálanámskeið
- Tölvu
- Tölvu
- tölvu
- tölvu
- tölvu
- tölvu
- tölvu
- tölvu

- tölvu
- tölvu
- tölvufr. málmíðnaðargreinar
- tölvufræðsla
- tölvufræðsla
- tölvukunnátta
- tölvunám
- tölvunámskeið
- tölvunámskeið
- tölvunámskeið
- tölvunámskeið
- tölvunámskeið
- tölvunámskeið
- tölvunámskeið
- tölvunámskeið
- tölvunámskeið
- tölvunámskeið
- tölvunámskeið
- Tölvunámskeið
- Tölvunámskeið
- tölvunámskeið
- tölvunámskeið
- tölvunámskeið
- tölvunámskeið
- tölvunámskeið aldr.
- Tölvunámskeið aldraðra
- tölvunámskeið, draumanámskeið
- tölvunámskeið, enskunámskeið
- tölvunámskeið, sálfræði og siðmenntun
- tölvur
- tölvur
- tölvur
- tölvur
- tölvur
- tölvur
- tölvur
- tölvur
- tölvur
- tölvur
- tölvur
- tölvur
- tölvur
- tölvur
- tölvur
- tölvur
- tölvur
- tölvur
- tölvur
- tölvur
- tölvur
- tölvur
- tölvur
- tölvur
- tölvur
- tölvur, aldraða
- tölvur, handverk, félagsráðgjöf
- tölvur, múrara

- tölvur, rafvirkjun, tungumál
- tölvur, verkstjórnun
- tölvur, tungumál
- tölvuvinnslu
- um ofvirkni barna
- uppeldi, stjórnun
- uppeldismál, tungumál
- úrlestur úr draumum, vegur biblíunnar, tölvunám, ensku
- viðskipta
- viðskiptanámskeið
- viðskipti og stjórnun
- víðátta
- yngri börn í leikskóla
- þroskajálfa